

L Ö G

um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og reksturs jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Jarðstöðin og eignaraðilar hennar skulu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu uns Póstur og sími hefur öðlast fulla eignaraðild að jarðstöðinni.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nr. 21.

10. maí 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólalahlds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð